

# SORPHIRÐA FRÁ ÍBÚUM Í SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI





## FORMÁLI

Að undangengnu útboði hefur sveitarfélagið Ölfus samið við Kubb ehf. um að annast söfnun úrgangs frá heimilum í sveitfélaginu.

Meðferð úrgangs er meðal mikilvægustu umhverfismála og stór hluti í þeirri umhverfisvakningu sem almennt er að eiga sér stað í samfélaginu. Eins og bæjarbúar hafa eflaust orðið varir við eru engar meiriháttar breytingar á fyrirkomulagi sorphirðu í bænum og vinnur Kubbur ehf. með sveitarfélaginu Ölfus og íbúum eftir sama þriggja tunnu kerfi og verið hefur. Samstarf við íbúa er mjög mikilvægt og nauðsynlegt að allir finni hjá sér þörf til að vera hluti af því verkefni að minnka sorp og auka endurvinnslu. Þar með eru íbúar að sýna í verki vilja sinn til að búa í umhverfisvænna samfélagi sem mun auka lífsgæði íbúanna.

## ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Kubbur ehf  
Ártunga 8  
400 Ísafjörður  
Sími 456 4166  
kubbur@kubbur.is



Kubbur ehf. er verktaka- og sorphirðufyrirtæki á Ísafirði, í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Sveitarfélaginu Ölfusi og Bolungarvík. Fyrirtækið tók við sorphirðu á Ísafirði í janúar 2011, í Vestmannaeyjum 1. október 2012, Hafnarfirði 1. maí 2013 og Bolungarvík 1. janúar 2019.

**SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS**  
**ÍSAFJÖRÐUR**  
**BOLUNGARVÍK**  
**VESTMANNAEYJAR**  
**HAFNARFJÖRÐUR**



# SORPTUNNUR Í SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI

## STAÐSETNING OG AÐGENGI

Æskilegt er að sorptunnur séu staðsettar við framanvert hús og mikilvægt að gæta þess að aðgengi við losun sé ætíð sem best. Íbúum ber skylda til að moka snjó frá sorptunnum. Festingar á tunnum skulu vera þannig að auðvelt sé að losa þær og ganga frá þeim aftur.

Ganga þarf vel frá tunnum fyrir veturinn og gæta þess að ekki fjúki úr þeim.

Til aðstoðar þá ætlar Sveitarfélagið að bjóða íbúum upp á teygjur til að festa tunnulokin á sorptunnunum. Íbúar geti sótt sér teygjur í Þjónustumiðstöðina að Selvogsbraut 2.

## YFIRFULLAR TUNNUR

Tunnur skulu ekki fylltar meira en svo að þeim sé hægt að loka. Yfirfullar tunnur geta valdið vandræðum og sóðaskap þegar þær eru losaðar. Yfirfullar tunnur verða ekki losaðar og er íbúum bent á söfnunarstöðvar.

## FREKARI UPPLÝSINGAR

Á heimasíðu Kubbs ehf., [www.kubbur.is](http://www.kubbur.is) eru margvíslegar upplýsingar um sörp- og umhverfismál og verður leitast við að auka upplýsingar á síðunni enn frekar.


Á netinu er jafnframt að finna margar gagnlegar heimasíður um endurvinnslu og úrvinnslu sorps:

- Umhverfisstofnun - [www.ust.is](http://www.ust.is),
- Úrvinnslusjóði - [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is),
- Landvernd - [www.landvernd.is](http://www.landvernd.is)
- Fagráð um endurnýtingu og úrgang - [www.fenur.is](http://www.fenur.is)

# ÚTFÆRSLA Á SORPHIRÐU OG FLOKKUN VIÐ HEIMILI Í SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI



GRÁA TUNNAN



BRÚNT HÓLF



BLÁA TUNNAN



GRÆNA TUNNAN

Í sveitarfélaginu Ölfusi er þriggja tunnu kerfi fyrir fjóra flokka af sorpi, þar sem ein tunnan hefur auka hólf. Þrjár 240 lítra tunnur eru við hvert hús auk 40 lítra hólfis í einni tunnunni.

1. **Gráa tunnan** er fyrir óendurvinnanlegt sorp.
2. **Brúnt hólf í gráu tunnunni** er fyrir lífrænan úrgang eins og matarafanga, kaffikorg, eggjaskurn o.s.frv.
3. **Bláa tunnan** er fyrir pappír og pappa
4. **Græna tunnan** er fyrir plast og málma

Sorphirða á almennu sorpi og lífrænum úrgangi fer fram þriðju hverja viku á mánudögum í Þorlákshöfn og þriðjudögum og miðvikudögum í dreifbýli Ölfuss.

Sorphirða á gæntunnu og blátunnu fer fram þriðju hverja viku á mánudögum í Þorlákshöfn og þriðjudag og miðvikudag í dreifbýli Ölfuss.

Íbúum er skylt að hafa gott aðgengi að tunnum t.d. moka snjó frá tunnum þannig að auðvelt sé að losa þær.

Losunarætlun og opnunartími sorpmóttökustöðva/gámstöðva er birt á heimasíðu sveitarfélagsins Ölfus [www.olfus.is](http://www.olfus.is) sem og á heimasíðu Kubbs ehf. [www.kubbur.is](http://www.kubbur.is)

## SORP ER VERÐMÆTT

Draga má úr magni sorps með ýmsum aðferðum en þetta byrjar allt hjá okkur sjálfum en stór hluti af okkar innkaupum endar sem sorp, endurvinnanlegt sem og ekki. Hugsum áður en við kaupum, og hugsum áður en við hendum. Þegar kemur síðan að því að sorp myndast er mjög mikilvægt að flokka sorpið í þá flokka sem eru í boði hverju sinni. Endurvinnsla umbúða er umhverfisvænni en frumframleiðsla á nýjum umbúðum og söfnun og jarðgerð á lífrænum úrgangi kemur í veg fyrir myndun metans þegar lífrænn úrgangur er urðaður. Gott er að minnka rúmtak umbúða með því að rífa þær niður eða brjóta saman til að koma í veg fyrir að tunnur yfirfyllist.

Sýnum ábyrgð í umhverfismálum og stuðlum að aukinni endurvinnslu. Hvert kílógramm af sorpi kostar mikla peninga en með lágmörkun sorps og aukinni flokkun er hægt að skila ábatanum beint í vasa almennings og fyrirtækja.